

fyrri bragði, og var þó full ástæða fyrir hann að vera farinn fyrir af stað með kröfu sína, þar sem fyrningarfrestur var að verða útrunninn, þá verður rjetturinn að álíta, að þegjandi samkomulag hafi orðið á milli gagnstefnanda og verslunarinnar um það, að úttekt gagnstefnanda og kaup skyldi metið að jöfnu svo að hvorugur aðilja hefði kröfur að gera gegn hinum út af þeim viðskiftum. Verða því úrslit málsins hjer í rjettinum þau, að aðiljar þess verða sýknaðir hvors af annars kröfum í því, en þar eð aðalsökin var höfðuð að ástæðulausu og gagnstefnanda var rjettarfars-naudsýn að höfða gagnsökina, þá þykir rjett að aðalstefnandi greiði gagnstefnanda málskostnað í báðum sökum og þykir hann hæfilega ákveðinn 300 krónur.

Mánudaginn 2. maí 1927.

Nr. 91/1926.

Lárus Halldórsson (Kalman)

gegn

Ástþóri Matthíassyni f. h. verslunar G. J. Johnsen (Enginn).

Ólögmæt aðfararheimild.

Fjárnámsgjörð framkvæmd í fógetarjetti Vestmannaeyjakaupstaðar 4. okt. 1926.

Dómur hæstarjettar.

Með brjefi dags. 7. okt. 1924 veðsetti áfrýjandi stefnda með 1. veðrjetti lóð sína í Vestmannaeyjakaupstað og hús, er hann ætlaði að byggja á lóðinni, til tryggingar skilvisri greiðslu á andvirði fyrir efni til byggingar hússins, er stefndi hafði lofað að lána honum. Í veðbrjefinu er skuldarupphæð ekki tiltekin að öðru en því, að hún mátti ekki fara yfir 8000 kr. en notarialiter staðfestur útdráttur úr höfuðbókum stefnda skyldi vera fullgild sönnun fyrir upphæð skuldarinnar út af þessum viðskiftum, nema áfrýj-

andi gæti upplýst, að skuldin væri ekki rjett tilfærð. Í veðbrjefinu er það ennfremur tekið fram, að ef áfrýjandi haldi eigi loforð sín um greiðslu skuldarinnar, en hún átti að vera greidd að fullu fyrir 31. des. 1925, þá geti skuldareigandi gengið að veðinu og látið selja það-án undangenginnar sáttar eða dóms samkvæmt 15. gr. í lögum 16. des. 1885.

Í lok ársins 1925 gerði stefndi upp öll verslunarviðskifti sín við áfrýjanda í einu lagi og taldi sig þá eiga hjá honum kr. 5548,52. Og er áfrýjandi ekki greiddi skuld þessa sendi stefndi með brjefi 29. sept. 1926 fógeta Vestmannaeyjakaupstaðar nefnt veðbrjef áfrýjanda og krafðist þess, að fjárnám yrði gert samkv. því í veðinu fyrir skuldarupphæðinni ásamt vöxtum og kostnaði. En fjárnámsbeiðninni fylgdi enginn reikningur yfir byggingarefni það, er áfrýjandi hafði fengið, nje heldur staðfestur útdráttur úr höfuðbókum stefnda, er sýndi upphæð skuldarinnar. Á frumrit veðbrjefsins er ekkert ritað um þinglestur þess, og verður því að ganga út frá, að það hafi ekki verið þinglesið.

Fjárnámsbeiðni stefnda var tekin fyrir í fógetarjetti Vestmannaeyjakaupstaðar þ. 4. okt. f. á. Báðir aðilar mættu þar og mótmælti áfrýjandi því að gjörðin færi fram vegna þess að hann hefði ekki fengið rjetta uppgjörð á verslunarviðskiftunum og taldi sig eiga gagnkröfu á hendur stefnda, enda sjest það af gagnkröfubrjefi áfrýjanda til stefnda dags. 24. sept. 1925 og öðrum skjölum, er lögð hafa verið fram í hæstarjetti, að áfrýjandi hefir þá talið sig eiga gagnkröfu á hendur stefnda til hærri upphæðar en fjárnáms var beiðst fyrir. Fógetinn tók ekki þessi mótmæli til greina, en hefir bókað í fógetabókina, að áfrýjandi hafi ekki krafist úrskurðar, og kvað hann ekki upp

úrskurð um þessi mótmæli, en gerði fjárnám í hinni veðsettu eign til lúkningar skuldakröfu stefnda með vöxtum og kostnaði.

Fjárnámsgjörð þessari hefir verið áfrýjað til hæstarjettar með stefnu dags. 15. des. f. á. og hefir áfrýjandi krafist, að hún verði feld úr gildi og að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir hæstarjetti að skaðlausu.

Áfrýjunarstefnan hefir verið löglega birt fyrir stefnda, en hann hefir ekki mætt í hæstarjetti og enginn af hans hálfu og hefir því málið verið flutt þar skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885 eru þau skilyrði meðal annara sett fyrir því að veðskulda-brjef með veði í fasteign geti verið aðfararheimild, að veðskuldabryfið sje gefið út fyrir tiltekinni skuldarupphæð og að það sje þinglesið. En samkvæmt því er að framan greinir hefir hvorugu þessu skilyrði verið fullnægt að því er snertir veðbrjef áfrýjanda 7. okt. 1924 og var það því ekki lögmæt aðfararheimild. Það verður því ex officio að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð út gildi og verður þá jafnframt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 250 kr.

Það athugast, að framangreint veðbrjef frá 7. okt. 1924, eins og það er innfært í fógetagjörðirnar, ber það eigi með sjer, að það hafi verið stimplað lögum samkvæmt.

Því dæmist rjett vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgjörð er úr gildi feld.
Stefndi, Ástþór Matthíasson f. h. verslunar

G. J. Johnsen, greiði áfrýjanda, Lárusi Halldórs-syni, 250 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. maí 1927.

Nr. 14/1927.

Valdstjórnin (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Jóni L. Hanssyni (Lárus Jóhannesson).

Áfengisbruggun og bannlagabrot.

Dómur lögreglurjettar Gullbringu- og Kjósar-sýslu 29. nóv. 1926: Ákærður, Jón Lárus Hansson, bóndi í Móakoti í Vatnsleysustrandarhreppi, greiði í ríkissjóð 1000 — eitt þúsund — króna sekt innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella 48 daga einföldu fangelsi í stað sektarinnar, honum bær og að greiða allan af málinu og undanfarandi rannsókn lög-lega leiddan og leiðandi kostnað.

Heimabruggað áfengi, ílát og bruggunartæki, er fundist hefir undir rannsókninni sem honum tilheyrandi, er upptækt, og rennur andvirði þess í ríkissjóð.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, er kærði rjettilega talinn sekur um brot gegn 1. sbr. 3. gr. laga nr. 25/1915 fyrir bruggun áfengis, er hjelt frá 34,33—35,37 % alkohols. Þá verður og að fallast á það, að kærði, sem áður hefir verið sektaður um 200 kr. fyrir ólöglegar veitingar áfengis, hafi gerst brotlegur við 9. sbr. 14. gr. laga nr. 15/1925, þar sem hann hefir veitt öðrum af áfengi því, er hann bruggaði, þótt ekki tæki hann gjald fyrir þær veitingar. En auk þess hefir kærði með því að láta